

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 24. júlí 1986****um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina****(86/378/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Sáttmálinn kveður á um að öllum aðildarríkjunum beri að tryggja beitingu þeirrar meginreglu að körlum og konum skuli greidd sömu laun fyrir jafngild störf. Með „launum“ er átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup ásamt öllu öðru endurgjaldi, hvort heldur er í fé eða fríðu, sem launþegi fær beint eða óbeint frá vinnuveitanda vegna starfa síns.

Þótt meginreglan um sömu laun eigi beint við þegar unnt er að sýna fram á mismunun eingöngu á þeim forsendum að allir skuli fá sömu laun og njóta sömu kjara, koma líka fyrir tilvik þar sem framkvæmd þessarar meginreglu krefst viðbótarráðstafana sem skilgreina gildissvið hennar nánar.

Í þeim tilgangi að tryggja að meginreglan um jafnan rétt karla og kvenna til almannatrygginga komi til framkvæmda stig af stigi er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 76/207/EBE frá 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 134, 21. 5. 1983, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 117, 30. 4. 1984, bls. 169.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 35, 9. 2. 1984, bls. 7.

febrúar 1976 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör ⁽⁴⁾, kveðið á um að ráðið setji ákvæði, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, er skilgreini efni hennar, gildissvið og hvernig henni skuli beitt. Í þessu skyni samþykkti ráðið tilskipun 79/7/EBE frá 19. desember 1978 um að meginreglan um jafnan rétt karla og kvenna til almannatrygginga komi til framkvæmda stig af stigi ⁽⁵⁾.

Í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 79/7/EBE er kveðið á um, að með það fyrir augum að tryggja að meginreglan um jafnrétti innan atvinnutryggingakerfa komi til framkvæmda, muni ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, setja ákvæði er skilgreina efni hennar, gildissvið og hvernig henni skuli beitt.

Meginreglan um jafnrétti skal koma til framkvæmda innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina sem veita vernd gegn þeim áhættuþáttum sem tilgreindir eru í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 79/7/EBE auk kerfa sem greiða launþegum hvers konar frekara endurgjald, í fé eða fríðu, í skilningi sáttmálans.

Framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti hefur ekki áhrif á ákvæði um vernd kvenna vegna barnsburðar.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 39, 14. 2. 1976, bls. 40.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 6, 10. 1. 1979, bls. 24.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmiðið með tilskipun þessari er að hrinda í framkvæmd í almannatryggingakerfum einstakra starfsgreina meginreglunni um jafnrétti karla og kvenna sem hér eftir verður nefnd „meginreglan um jafnrétti“.

2. gr.

1. „Almannatryggingakerfi einstakra starfsgreina“ eru kerfi sem ekki heyra undir tilskipun 79/7/EBE og hafa það að markmiði að greiða launþegum, hvort heldur þeir starfa hjá öðrum eða sjálfstætt, innan fyrirtækis eða í hópi fyrirtækja, í ákveðinni starfsgrein eða á ákveðnu starfssviði eða hópi slíkra sviða, bætur sem hugsaðar eru sem viðbót við bætur sem lögbundin almannatryggingakerfi veita, eða sem ætlað er að koma í þeirra stað, án tillits til hvort aðild að slíkum kerfum er skylda eða ekki.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

- a) einstaka samninga,
- b) kerfi með aðeins einn aðila,
- c) þegar um er að ræða launþega, tryggingasamninga sem vinnuveitandi á ekki aðild að,
- d) valfrjáls ákvæði atvinnutryggingakerfa sem standa einstökum félögum til boða í þeim tilgangi að tryggja þeim:
 - annað hvort viðbótarbætur, eða
 - val um dagsetningu þegar greiðsla venjulegra bóta skal hefjast, eða val um mismunandi bótaflokka.

3. gr.

Tilskipun þessi gildir um allt vinnandi fólk, þar með talið sjálfstætt starfandi einstaklinga, fólk sem hætt hefur vinnu vegna veikinda, barnsburðar, slyss eða atvinnuleysis og fólk í atvinnuleit, sem og um eftirlaunafólk og öryrkja.

4. gr.

Tilskipun þessi gildir um:

- a) atvinnutryggingakerfi sem veita vernd gegn eftirtöldum áhættuþáttum:
 - veikindum,
 - örorku,
 - elli, þar með talið lausn frá starfi áður en eiginlegum eftirlaunaaldri er náð,
 - vinnuslysum og atvinnusjúkdómum,
 - atvinnuleysi;
- b) atvinnutryggingakerfi sem gera ráð fyrir öðrum félagslegum bótum, í fé eða í fríðu, eftirlifendabætur og fjölskyldubætur, ef slíkar bætur eru veittar launþegum og

eru sem slíkar endurgjald sem vinnuveitandi greiðir launþega vegna starfa hins síðarnefnda.

5. gr.

1. Samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í eftirfarandi ákvæðum, felur meginreglan um jafnrétti í sér að mismun vegna kynferðis sé með öllu óheimil, hvort heldur er beint eða óbeint, einkum með tilvísun til hjúskapar- eða fjölskyldustöðu, einkum hvað varðar:

- gildissvið kerfanna og skilyrði um aðgang að þeim,
- framlagaskyldu og útreikning á upphæðum framlaga,
- útreikning bóta, að meðtöldum viðbótarbótum sem til falla vegna maka eða skjólstæðinga, og skilyrðin fyrir lengd bótafímabils og hversu lengi bótarétti er haldið.

2. Meginreglan um jafnrétti hefur ekki áhrif á ákvæði er varða vernd kvenna vegna barnsburðar.

6. gr.

1. Til ákvæða sem eru andstæð meginreglunni um jafnrétti teljast öll þau ákvæði sem grundvölluð eru, beint eða óbeint, á kynferði, einkum með tilvísun til hjúskapar- og fjölskyldustöðu, í þeim tilgangi að:

- a) ákvarða hverjum er heimil aðild að atvinnutryggingakerfi;
- b) ákveða skyldubundna eða valfrjálsa aðild að atvinnutryggingakerfi;
- c) setja ólíkar reglur um aldurstakmark vegna aðildar að kerfinu eða lágmarks starfs- eða aðildartíma til að eiga rétt til bóta úr viðkomandi kerfi;
- d) setja ólíkar reglur, einkum líkt og kveðið er á um í i- og h-liðum, um endurgreiðslu iðgjalda þegar launþegi hættir aðild að kerfi án þess að hafa uppfyllt þau skilyrði sem tryggja honum rétt til langtímabóta síðar meir;
- e) setja ólík skilyrði um bótagreiðslur vegna kynferðis eða útiloka annað hvort kynið frá slíkum bótum;
- f) ákveða mismunandi eftirlaunaaldur;
- g) fresta því að rétti sé náð eða honum haldið í barnsburðarleyfi eða starfsleyfi af fjölskylduástæðum sem veitt eru samkvæmt lögum eða samkomulagi og vinnuveitandi greiðir;
- h) ákvarða mismunandi bótagist, að undanskildum tilvikum þar sem nauðsynlegt getur talist að taka mið af tryggingafræðilegum útreikningum sem eru mismunandi eftir kynjum þegar um er að ræða bætur sem ráðast af iðgjöldum bótaþega.

- i) ákvarða mismunandi iðgjaldastig fyrir launþega; ákvarða mismunandi stig á framlagi vinnuveitanda þegar um er að ræða bætur sem ráðast af greiddum framlögum, einkum með það fyrir augum að jafna upphæð slíkra bóta;
- j) setja mismunandi kröfur eða kröfur sem gilda aðeins um launþega af tilgreindu kyni, að undanskildu því sem kveðið er á um í h- og i-liðum, hvað varðar tryggingu fyrir bótum síðar meir, eða því að rétti sé haldið, þegar launþegi hættir aðild að kerfi.

2. Þegar greiðslur bóta sem heyra undir gildissvið tilskipunar þessarar eru á valdi stjórnenda einstakra kerfa, ber þeim síðarnefndu að taka til greina meginregluna um jafnrétti.

7. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- a) ákvæði sem brjóta í bága við meginregluna um jafnrétti í lögboðnum kjarasamningum, innri reglum fyrirtækja eða hverju öðru samkomulagi um atvinnutryggingar, séu lýst ógild eða heimilt sé að ógilda þau eða breyta þeim;
- b) eigi verði heimilt að beita stjórnsýslufyrirmælum til að samþykkja eða auka við kerfi sem fela í sér slík ákvæði.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau ákvæði atvinnutryggingakerfa sem brjóta í bága við meginregluna um jafnrétti verði endurskoðuð fyrir 1. janúar 1993.

2. Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að réttindi og skyldur er tengjast aðildartímabili að atvinnutryggingakerfi sem liðið er þegar endurskoðun sama kerfis fer fram, haldist í samræmi við ákvæði kerfisins á því tímabili sem um ræðir.

9. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að fresta lögboðinni gildistöku meginreglunnar um jafnrétti með tilliti til:

- a) ákvörðunar aldursmarka vegna ellilífeyris eða lífeyrisgreiðslna og hugsanlegra áhrifa þessa á aðrar bætur:
- annað hvort til þess dags er slíku jafnrétti hefur verið náð í lögskipuðum kerfum,

— eða, í síðasta lagi, þar til slíks jafnréttis er krafist með tilskipun;

- b) eftirlifendabóta þar til meginreglunnar um jafnrétti er krafist í þessu samhengi með tilskipun;
- c) beitingar fyrri undirgreinar i-liðar 1. mgr. 6. gr. um að taka mið af mismunandi tryggingafræðilegum reiknistuðlum, í síðasta lagi að loknum þrettán árum frá birtingu tilskipunar þessarar.

10. gr.

Aðildarríkin skulu leiða í landslög þau ákvæði sem nauðsynleg eru til að gera öllum launþegum, sem telja sig órétti beitta vegna þess að meginreglan um jafnrétti hafi ekki verið virt, kleift að sækja rétt sinn fyrir dómstólum eftir að hafa leitað til annarra lögbærra yfirvalda eftir því sem unnt er.

11. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda launþega gegn brottvikningu úr starfi vegna kvörtunar hans innan fyrirtækisins eða vegna málareksturs sem ætlað er að knýja fram að meginreglan um jafnrétti sé virt.

12. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan þriggja ára frá birtingu hennar ⁽¹⁾. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Eigi síðar en fimm árum eftir birtingu tilskipunar þessarar skulu aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar svo hún geti tekið saman skýrslu fyrir ráðið um beitingu tilskipunar þessarar.

13. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júlí 1986.

Fyrir hönd ráðsins,

A. CLARK

forseti.

⁽¹⁾ Tilskipun þessi var birt aðildarríkjunum hinn 30. júlí 1986.

LEIÐRÉTTINGAR**

Leiðréttingar við tilskipun ráðsins nr. 86/378/EBE frá 24. júlí 1986 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina (*Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna, nr. L 225 frá 12. ágúst 1986*)

Bls. 41, 2. mgr. 2. gr. lesist svo:

„2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

- a) einstaka samninga,
- b) kerfi með aðeins einn aðila,
- c) þegar um er að ræða launþega, tryggingasamninga sem vinnuveitandi á ekki aðild að,
- d) valfrjáls ákvæði atvinnutryggingakerfa sem standa einstökum aðildarfélögum til boða í þeim tilgangi að tryggja þeim:
 - annað hvort viðbótarbætur, eða
 - val um dagsetningu þegar greiðsla venjulegra bóta skal hefjast, eða val um mismunandi bótaflokka.“